

Nr. 34.

3. nív.

Lög

um

dýraverndun.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sá sem misþyrmir skepnum eða gerir sig sekan um illa meðferð á þeim með því að ofbjóða þoli þeirra, með vanhirðu eða á annan hátt, skal sæta sektum frá 10—1000 krónum, eða einföldu fangelsi, ef miklar sakir eru.

2. gr.

Frá 1. október 1917 skulu allir þeir, sem skepnur eiga, hafa næg hús fyrir þær allar. Brot gegn þessu ákvæði varða sömu viðurlögum, sem brot gegn 1. gr.

3. gr.

Stjórnarráð Íslands setur reglur um slátrun búpenings á almennum slátrunarstöðum, um rekstur og annan flutning innanlands á fje til slátrunar, á fje og hestum til útflutnings, svo og um meðferð á hestum í brúkun. Skal það gert með reglugjörð, sem jafnframt ákveður sektir fyrir brot á slíkum reglum.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

5. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 299. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S)

Einar Arnórsson.